

Umsögn Listaháskóla Íslands um drög að lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn-, og framhaldsskólum.

Reykjavík 8. mars 2019.

Listaháskóli Íslands fagnar framkomnu frumvarpi til nýrra laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar vegur þungt að okkar mati hin nýja nálgun sem byggist á áherslunni um hæfni í stað einingafjölda. Ísland hefur haft vissa sérstöðu í gegnum tíðina hvað varðar hæfniramma en breytt landslag, fleiri skólar og flóknara samfélag kalla á endurskoðun á áherslum í menntun kennara og skólastjórnenda.

Í sinni einföldustu mynd má hugsa um kennsluréttindi – og þar með umrædd leyfisbréf – sem sjálfstæða hæfni sem einstaklingur hefur öðlast með tilteknu námi og störfum og þessi hæfni sé í grunninn ekki beintengd því viðfangsefni sem verið er að kenna. Ef við lítum þannig á leyfisbréfin, þá eru þau aðeins að lýsa því að viðkomandi einstaklingur búi yfir viðurkenndri hæfni til þess að sinna kennslu óháð því hvert viðfangsefnið er. Slík hugsun gefur okkur færi á að setja kennslufræðilega þáttinn í miðjuna sem persónulega hæfni og eiginleika sem kennarinn notar til að miðla tiltekinni faggrein eða viðfangsefni. Þetta er stórt skref í þá átt að skilja menntun, kennslu og nám dýpri og breiðari heimspekilegri skilningi og fellur vel að grunnþáttum menntunar og þeim hugmyndum sem aðalnámskrárnar frá 2011/2013 boðuðu. Þessi sýn setur heildstæða menntunarhugmynd í öndvegi og leysir þannig af hólmi hina brotakenndu mynd sem við blasir þegar hugsað er um menntun út frá niðurnjörvuðum skólastigum og skýrt afmörkuðum faggreinum.

Inleiðing hæfniramma gefur kennurum aukin tækifæri til starfsþróunar og opnar á meiri sveigjanleika í skólastarfinu - ekki síst á milli skólastiga. Þegar leyfisbréf verða ekki lengur bundin tilteknu skólastigi þá er kennurum unnt að beina sjónum sínum í ríkari mæli að sinni faggrein eða sérsviði (innihaldinu) - án þess að þurfa að fara á byrjunarreit í kennslufræðum (forminu). Það má færa sterk rök fyrir því að aukin áhersla á innihaldið, fremur en formið, geti stuðlað að enn öflugra skólastarfi. Það er fagnaðarefni að hæfniramminn skuli verða skilgreindur í reglugerð fremur en í lögunum sjálfum. Slíkt felur í sér aukinn sveigjanleika til að geta brugðist með skilvirkum hætti við þróun í menntun og við kröfum samfélagsins.

Hugmyndir um kennararáð eru vel til þess fallnar að styðja við skólastarf í landinu. Í kennararáði ættu að sitja fulltrúar kennarafélaganna og háskólanna ásamt fulltrúum frá MNR og MMS. Slíkt fyrirkomulag myndi stuðla að lýðræðislegum vinnubrögðum og geta þannig tengt betur saman vettvanginn, lagaumgjörðina og fræðilegu hliðina.

Við styðjum einnig hugmyndir um að Menntamálastofnum verði falið að annast útgáfu leyfisbréfa en það má færa rök fyrir því að slíkt geri ferlið bæði skilvirkt og gagnsætt.

Að lokum vill Listaháskóli Íslands koma á framfæri athugasemdum við að tónlistarskólarnir í landinu skuli ekki vera hluti af þessu ferli. Útgáfa leyfisbréfa fyrir tónlistarskólakennara er að mati Listaháskólans löngu tímabær. Tónlistarskólarnir gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í íslensku menntakerfi og menningarlífi og það er afar áriðandi að tryggja án tafar lagarammann utan um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.

f.h. Listaháskóla Íslands,

Ingimar Ólafsson Waage

Aðjúnkt og starfandi fagstjóri í sjónlistum í listkennsludeild

Kristín Valsdóttir,
Deildarforseti Listkennsludeildar Listaháskóla Íslands

Gunnþís Ýr Finnbogadóttir,
Lektor í listkennsludeild Listaháskóla Íslands

Elín Anna Ísaksdóttir,
Fagstjóri klassískrar söng- og hljóðfærakennslu í tónlistardeild Listaháskóla Íslands

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir,
Lektor í listkennsludeild Listaháskóla Íslands

Vigdís Lebas Gunnarsdóttir,
Aðjúnt í listkennsludeild Listaháskóla Íslands